

## REGLUR

### um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

#### 1. gr.

Reglur þessar gilda um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila sem annast innra eftirlit hjá lífeyrissjóðum, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

#### 2. gr.

Þeir aðilar sem annast innra eftirlit hjá lífeyrissjóði, sbr. 1. gr., skulu vera faglega hæfir og óháðir í störfum sínum. Þeim er óheimilt að sitja í stjórn lífeyrissjóðs eða starfa við verkefni hjá lífeyrissjóði sem skert geta óháði þeirra við að sinna eftirlitshlutverki sínu.

#### 3. gr.

Þegar um sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila er að ræða skal stjórn lífeyrissjóðs gera skriflegan samning um framkvæmd innra eftirlits við þann aðila. Slíkur samningur skal að lágmarki kveða á um þau atriði sem fram koma í 4. – 6. gr. reglna þessara.

Hafi lífeyrissjóður gert samning við verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun um umsjón með rekstri sjóðsins skal það vera hlutverk innri endurskoðunardeildar eða innra eftirlitsaðila viðkomandi rekstraraðila að annast innra eftirlit með rekstri sjóðsins í samræmi við 4. – 6. gr. reglna þessara.

#### 4. gr.

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili skal gera tillögu að skipulagningu innra eftirlits sem lögð skal fyrir stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila til samþykktar. Skipulag innra eftirlits skal endurskoðast reglulega af endurskoðunardeild eða eftirlitsaðila og skulu tillögur um breytingar lagðar fyrir stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila til samþykktar.

Rekstraraðili skal kynna fyrir stjórn lífeyrissjóðs tillögur að skipulagningu innra eftirlits samkvæmt 1. mgr.

#### 5. gr.

Eftirlitsaðgerðir endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila skulu að lágmarki ná til eftirfarandi þátta:

1. Hvort lífeyrissjóðurinn fylgir þeim lögum, reglum og samþykktum, sem um hann gilda.
2. Hvort fyrir hendi séu á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.
3. Hvort í starfsreglum lífeyrissjóðsins felist viðunandi innra eftirlit. Sérstaklega skal kannað hvort í starfsreglum sé nægjanlega skilið á milli þeirra starfsmanna, sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa að bókhaldi.
4. Kannana á varðveislu og meðferð fjármuna lífeyrissjóðsins m.a. með reglulegum eignatalningum og athugunum á afstemmingu bókhaldsreikninga.
5. Kannana á skráningu iðgjalda og skráningu og útreikningi lífeyrisréttinda.
6. Kannana á fjárfestingarstefnu, ávöxtun eigna og ráðstöfun fjármuna.

7. Kannana á áreiðanleika og gæðum þeirra skýrslna, sem stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs og opinberir aðilar byggja á.
8. Kannana á upplýsingakerfum lífeyrissjóðs, meðal annars með tilliti til rekstraröryggis og að slík kerfi tryggi að hverju sinni séu fyrir hendi fullnægjandi og heildstæðar innri fjárhags-, rekstrar- og eftirlitsupplýsingar og ytri upplýsingar sem hafa þýðingu við ákvarðanatöku.

6. gr.

Niðurstöður einstakra eftirlitsaðgerða skulu liggja fyrir skriflega og þær niðurstöður og vinnugögn í því sambandi skulu varðveitt með skipulegum hætti.

Ábendingum um úrbætur á skipulagi og rekstri lífeyrissjóðs og veikleika í innra eftirliti skal án tafar koma skriflega á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs eða rekstraraðila. Rekstraraðili skal upplýsa stjórn lífeyrissjóðs um ábendingar samkvæmt 1. ml. þessarar málsgreinar jafnóðum og þær liggja fyrir.

Að lágmarki einu sinni á ári skal endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili gera stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila skriflega grein fyrir meginniðurstöðum aðgerða á sviði innra eftirlits og hvort ábendingum um úrbætur hefur verið hrundið í framkvæmd. Rekstraraðili skal upplýsa stjórn lífeyrissjóðs um meginniðurstöðu og ábendingar samkvæmt 1. ml. þessarar málsgreinar jafnóðum og þær liggja fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 2. mgr. 35. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 546 frá 7. september 1998.

*Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**